

## FRÉTTATILKYNNING

5. apríl 2000

### Alvarlegar rangfærslur Landssímans

Í frétt sem birtist á baksíðu Morgunblaðsins í dag er fullyrt að Samkeppnisstofnun fari fram á hækkun GSM-álags Landssímans í tengslum við kvörtun Frjálsra fjarskipta. Í fréttinni og í ummælum sem höfð eru eftir talsmanni Landssímans koma alvarlegar rangfærslur. Telur Samkeppnisstofnun nauðsynlegt að gera eftirfarandi athugasemdir: Samkeppnisstofnun hefur ekki beint neinum fyrirmælum eða tilmælum til Landssímans um að hækka sk. GSM-álag vegna máls Frjálsra fjarskipta, enda er því máli ólokið.

Samkeppnisstofnun barst í febrúar sl. erindi frá Frjálsum fjarskiptum hf. þar sem þess er krafist að GSM deild Landssímans verði á grundvelli samkeppnislaga gert skylt að bjóða þeim símnotendum sem hringja til útlanda í gegnum útlandagátt keppinauta Landssímans sömu kjör og bjóðast ef hringt er til útlanda í gegnum Landssímamann. Benti fyrirtækið á að þegar hringt er úr GSM síma frá Landssímanum til útlanda í gegnum Frjáls fjarskipti bætist 13-18 kr. álag á mínútu ofan á venjulegan kostnað við símtalið. Þegar hringt er til útlanda í gegnum millilandagátt Landssímamann bættist hins vegar einungis við 7,47 á kr. á mínútu. Þetta telja Frjáls fjarskipti vera samkeppnishamlandi og grófa mismunun á milli útlandasímapjónustu Landssímans og Frjálsa fjarskipta.

Um miðjan mars barst Samkeppnisstofnun afrit af bréfi Landssímans til Frjálsra fjarskipta sem ritað var í kjölfar funda sem fyrirtækin áttu. Í bréfinu tilkynnir Landssíminn að ákveðið hafi verið að hækka GSM-álag úr kr. 7,47 í kr. 12,50. Þessi ákvörðun Landssímans um verðhækkun var tekin án nokkurra afskipta Samkeppnisstofnunar.

Samkeppnisstofnun hefur tekið erindi Frjálsra fjarskipta til hefðbundinnar stjórnarsýslumeðferðar. Aflað hefur verið upplýsinga frá Landssímanum og fyrirtækinu veitt tækifæri til að koma að sínum sjónarmiðum. Þar sem brot fyrirtækja á samkeppnislögum eða ákvörðunum skv. þeim geta varðað viðurlögum var Landssímanum greint frá því að beiting stjórnvaldssekta kynni að koma til álita. Slík tilkynning er gerð í samræmi við kröfur stjórnarsýslulaga um andmælarétt og er í samræmi við hefðbundin vinnubrögð samkeppnisyfirvalda. Í þessu felst ekki á nokkurn hátt úrskurður um háttsemi Landssímans.

Ljóst er því að framangreindu máli er ólokið. Engin ákvörðun hefur verið tekin og engum fyrirmælum hefur verið beint til Landssímans. Því vekur furðu að fullyrt er í frétt Morgunblaðsins að Samkeppnisstofnun fari fram á hækkun GSM-álags Landssímans. Jafnframt er röng sú fullyrðing sem fram

kemur í frétt blaðsins að „*Samkeppnisstofnun tók undir kröfu Frjálsra fjarskipta og í framhaldi af því hækkaði Landssíminn 28. mars sl. álagið ...*” Hér er um hreinan tilbúning að ræða þar sem Samkeppnisstofnun hafði eins og áður sagði engin afskipti af þeirri ákvörðun Landssímans að hækka umrætt gjald. Ennfremur er það rangt sem haft er eftir blaðafulltrúa Landssímans að Samkeppnisstofnun hafi gefið til kynna að Landssíminn verði sektaður ef fyrirtækið hækki ekki umrætt gjald frekar. Samkeppnisstofnun ítrekar að máli þessu er ekki lokið. Því liggur ekkert fyrir um það að Landssíminn hafi í þessu máli farið gegn samkeppnislögum. Enn síður liggur fyrir hvaða kröfur samkeppnisyfirvöld myndu gera til Landssímans til að eyða meintum samkeppnishömlum, væru þær taldar vera fyrir hendi. Það eru því alvarlegar og grófar rangfærslur af hálfu Landssímans að gefa til kynna að samkeppnisyfirvöld séu á þessu stigi málsins að knýja fyrirtækið til að hækka verð.

Samkeppnisstofnun harmar þessar rangfærslur og óvönduð vinnubrögð Landssímans, sérstaklega í ljósi þess að fyrirtækið og Samkeppnisstofnun áttu fyrir nokkrum dögum fund um þetta mál. Landssímanum er því að fullkomlega ljóst hver staða mála er og talsmaður fyrirtækisins tjáir sig í umræddri frétt Morgunblaðsins gegn betri vitund.